



HANDBÓK FORELDRA

Hagnýtar upplýsingar | Skilmálar | Tækniatriði

Tæknileg atriði

Google Classroom er pappírslaut kerfi sem sameinar tölvupóst, dagatal og skýjageymslu auk aðgengis að ýmsum hugbúnaði á borð við ritvinnslu, glærukynningar, töflureikni og fleira. Kerfið gerir kennara kleift að senda nemendum verkefni með rafrænum hætti, nemendur geta unnið einir eða saman að verkefnum og sent til kennara, sem getur svo sent nemendum endurgjöf og vistað einkunnir og umsagnir um verkefni.

AirWatch umsýslukerfið gerir skólanum kleift að senda forrit og námsefni rafrænt til nemenda og kennara, heldur utan um þann mikla fjölda spjaldtölva sem er í umferð og getur einnig komið að gagni ef spjaldtölva týnist eða henni er stolið. Auk þess auðveldar kerfið aðgengi að þráðlausu neti í skólum en aðeins tæki sem eru skráð í AirWatch kerfið fá aðgang að öruggri nettengingu og geta einnig tengst skjávarpanum í kennslustofunni, sem er hentugt þegar kennari vill að nemendur sýni öðrum í bekknum verkefni sín.

App Store er hugbúnaðarveita Apple og þar geta nemendur nálgast gríðarlegan fjölda forrita af ýmsu tagi. Svokallað Apple-auðkenni (AppleID) er aðgangur nemandans að veitunni og tengist sá aðgangur einnig **Find my iPad**, sem er innbyggð þjófavörn spjaldtölvunnar.



Markmið innleiðingar spjaldtölva

Tilgangur þess að afhenda nemendum spjaldtölvur er fyrst og fremst að bæta nám og kennslu í grunnskólum Kópavogs. Spjaldtölvur hafa á undanförunum árum sannað gildi sitt í skólastarfi víða um heim og sýnir reynslan að mestu jákvæðu áhrifin verða þegar nemendur hafa sína eigin spjaldtölvu til umráða í stað þess að deila aðgengi að henni með öðrum nemendum. Í Kópavogi er þó farin blönduð leið, þ.e. að nemendur á mið- og unglingastigi fá spjaldtölvur til einkanota en nemendur á yngsta stigi hafa aðgang að svokölluðum bekkjarsettum sem kennari getur fengið til afnota í afmörkuð verkefni. Meðal þess ávinnings sem stefnt er að með innleiðingunni má nefna aukna einstaklingsmiðun náms, fjölbreyttari verkefni með aukinni áherslu á sköpun og nýsköpun, að námið verði skemmtilegra og færist nær daglegu lífi nemenda.



Spjaldtölvun sem leiktæki

Þótt spjaldtölvun sé fyrst og fremst afhent nemendum í þeim tilgangi að hún sé notuð sem námstæki er ljóst að hún býður upp á fjölbreytta notkun til afþreyingar. Mikið úrval leikja er fáanlegt og einnig má augljóslega nýta spjaldtölvuna til þess að nálgast margvíslegt efni af netinu. Búast má við að margir nemendur verði uppteknir af spjaldtölvunni fyrst um sinn eftir að hún er afhent, ekki síst ef nemandi hefur ekki átt slíkt tæki áður. Reynslan af fyrsta skólaári innleiðingarinnar í Kópavogi sýnir að hjá flestum nemendum er þetta tímabundið ástand og spjaldtölvun verður með tímanum eins og hvert annað námsgagn í skólatöskunni. Það er hlutverk foreldra og forráðamanna að ákveða reglur um notkun spjaldtölvunnar heima fyrir. Oft getur verið gott að foreldrar í bekk eða árgangi samræmi slíkar reglur sín á milli – hversu mikil notkun megi vera, hve lengi í einu, hve lengi frameftir og svo framvegis.

Hvernig verður spjaldtölvun notuð í námi og kennslu?

Þar sem það er meðal meginmarkmiða innleiðingar spjaldtölvu að nemendur hafi meira um nám sitt að segja og aukið val um nálgun á námsverkefni er að sjálfsögðu erfitt að gera tæmandi úttekt á því hvernig búast má við að spjaldtölvun verði notuð í skólanum. Með tímanum verður notkunin æ fjölbreyttari og nemandinn getur sniðið notkun spjaldtölvunnar að sínum þörfum og áhuga. En þó er hægt að nefna nokkur dæmi. Myndvinnsla og kvikmyndagerð munu eflaust leika stórt hlutverk, enda er mjög auðvelt að vinna slík verkefni í spjaldtölvunni. Hljóðupptökur og tónlist eru einnig einfaldar leiðir að fjölbreyttum og skapandi verkefnum. Nemendur munu í auknum mæli halda kynningar þar sem afrakstur slíkra verkefna er sýndur kennurum, öðrum nemendum og stundum foreldrum. Spjaldtölvun auðveldar gagnaöflun þar sem hver og einn nemandi getur sótt sér upplýsingar á netinu hvenær sem hentar. Hægt er að sækja hefðbundnar námsbækur og lesa þær í spjaldtölvunni en einnig munu rafbækur ryðja sér til rúms sem mikilvægur þáttur í námi og munu bæði kennarar og nemendur geta búið til slíkar bækur.



Hægt er að fylgjast með á [Facebook](#), [Twitter](#), [Instagram](#), [Vimeo](#) og [Flickr](#).

[Hér má finna nánari upplýsingar fyrir foreldra um notkun spjaldtölvunnar heima fyrir.](#)



Notkunarskilmálar

Spjaldtölvun sem nemandi fær afhenta er fyrst og fremst námstæki. Nemandi skal hafa spjaldtölvuna meðferðis í skólann á hverjum degi og fara eftir fyrirmælum kennara og starfsfólks skóla um notkun hennar. Námsfni og hugbúnaði er dreift á spjaldtölvur nemenda með ýmsum leiðum, í gegnum Google Classroom kennslukerfið, AirWatch umsýslukerfið eða á þann hátt sem kennari ákveður hverju sinni. Spjaldtölva nemanda hefur sjálfkrafa aðgang að þráðlausu neti í skólanum og er sú tenging örugg og varin gegn óæskilegu efni. Nemandi er ekki heimilt að breyta því hvernig spjaldtölvun tengist þráðlausu neti í skólanum.

[Notkunarskilmála í heild má lesa hér.](#)

Samfélagsmiðlar

Fjölmargir samfélagsmiðlar eru í boði fyrir spjaldtölvur, suma þekktja eflaust flestir foreldrar en aðrir eru sérhannaðir fyrir yngri notendur. Foreldrum er bent á að í flestum tilvikum eru aldurstakmarkanir á notkun slíkra miðla, má þar nefna t.d. Facebook, Twitter, Instagram og Snapchat, sem allir eru takmarkaðir við 13 ára aldur. Mikilvægt er að foreldrar ræði við börn sín um þessar aldurstakmarkanir og að sjálfsgöðu er notkun þeirra ekki leyfð í skólanum. Allir nemendur fá fræðslu um rétta og ábyrga notkun tækninnar áður en spjaldtölvurnar eru afhentar og þeirri fræðslu verður einnig haldið áfram allan veturinn. Mikilvægt er að gott samstarf sé milli foreldra og skóla um þessi mál og að foreldrar ræði við börn sín um atriði á borð við myndatökur og myndbirtingar, samskipti á netinu og öryggi persónuupplýsinga.

Ef óhapp verður

Mikilvægt er að nemendur gæti þess að fara vel með spjaldtölvuna. Allir nemendur fá afhent hulstur með spjaldtölvunni og skal hún ætíð geymd í hulstrinu, enda er hún þannig varin gegn höggskemmdum. Forðast skal að nota framhlið hulstursins sem handfang, betra er að loka hulstrinu þegar spjaldtölvun er færð á milli staða. Eins er mikilvægt að ávallt sé kveikt á *Find my iPad* sem er innbyggð þjófavörn og gerir kleift að rekja staðsetningu spjaldtölvunnar ef hún týnist eða henni er stolið. Komi það fyrir, eða ef spjaldtölva verður fyrir bilun eða skemmd, skal tafarlaust láta skóla vita og er þá best að hafa samband við umsjónarkennara sem leiðbeinir um næstu skref. Reynt verður að úthluta nemandanum sambærilegri spjaldtölvu sem allra fyrst. Ekki verður krafist bóta fyrir skemmd tæki nema um sé að ræða vísitandi skemmdarverk af hálfu nemandans, hvort sem er á eigin tæki eða annarra.



Afhending spjaldtölva

Næsta afhending spjaldtölva er áætluð undir lok ágúst 2016. Nú er komið að nemendum í 5. og 6. bekk.

Allir nemendur í 5.-10. bekk hafa þá fengið afhenta spjaldtölvu af gerðinni iPad Air 2, 64GB WiFi.

Hver og einn nemandi hefur sína eigin spjaldtölvu til afnota og má taka hana með sér heim að loknum skóladegi.

Nemandi á að koma með spjaldtölvuna fullhlaðna í skólann að morgni. Því er mælt til þess að hleðslutæki séu geymd heima.

Ábyrgð

Spjaldtölvun er eign Kópavogsbæjar

Nemandi skal fara vel og varlega með tækið og foreldrar skulu styðja við ábyrga og gætilega notkun. Aldrei skal taka spjaldtölvuna úr hulstrinu.

Skemmdir á tæki mynda því aðeins bótaskyldu að nemandi sé vísvitandi valdur að þeim.

Ekki má nota tækið á ólöglegan hátt eða eiga við stýrikerfi þess.

Spjaldtölvun er skráð á umsjáslukerfið AirWatch, sem tengir hana við tölvudeild og gerir kleift að senda nemendum rafbækur og öpp. Einnig er hægt að takmörkuðu leyti að sjá upplýsingar um notkun spjaldtölvunnar, t.d. hvort sótt séu óleyfileg öpp eða stillingum breytt.

Ávallt skal vera kveikt á *Find my iPad* í spjaldtölvunni, en það er innbyggð þjófavörn.

Tækið er tengt þráðlausu neti í skólanum, sem er öruggt og varið gegn óæskilegu efni. Ef þráðlaust net er á heimilinu er hægt að tengjast því með lykilorði. Ekki er leyfilegt að breyta netstillingum spjaldtölvunnar.

NOTKUN SPJALDTÖLVUNNAR HEIMA

Foreldrar setja reglur um notkun spjaldtölvunnar heima fyrir, hvað nemandi má gera og hve lengi.

Leyfilegt er að setja inn forrit að eigin vali úr App Store en komi til plássleysis á tæki hefur námsefnið þó forgang. Af öryggisástæðum er ekki leyfilegt að setja inn forrit sem ekki eru sótt í App Store.

Mikilvægt að foreldrar ræði við börn sín um rétta og ábyrga notkun spjaldtölvunnar, t.d. myndatökur og myndbirtingar, samfélagsmiðla, netsamskipti (hvernig við tjáum okkur við aðra) og öryggi (að gefa ekki ókunnugum persónuupplýsingar).